# Föstudagur 3. mars



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Gosi (10)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa.
18.25 **Kátir krakkar** (The Vid Kids). Þriðji þáttur. Kanadískur myndaflokkur í þrettán þáttum. Um er að ræða sjálfstæða dans- og söngvaþætti með mörgum af þekktustu dönsurum Kanada.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Austurbæingar.** Átjándi þáttur. Breskur myndaflokkur í léttum dúr.
19.25 **Leðurblökumaðurinn** (Batman). Bandarískur framhaldsmyndaflokkur um baráttu leðurblökumannsins við undirheimamenn sem ætla að ná heimsyfirráðum.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Spurningakeppni framhaldsskólanna.** Sjötti þáttur. Stjórnandi Vernharður Linnet.
21.15 **Þingsjá.** Umsjón Ingimar Ingimarsson.
21.35 **Derrick.** Þýskur sakamálamyndaflokkur með Derrick lögregluforingja.
22.35 **Af nýjum og niðum** (Moonlighting). Bresk kvikmynd frá 1981. Leikstjóri Jerzy Skolimowski. Aðalhlutverk Jeremy Irons, Eugene Lipinski og Jiri Stanislav. Myndin lýsir á grátbroslegan hátt lífi nokkurra pólskra verkamanna sem fá atvinnu í London, án atvinnuleyfis.
0.15 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Bræður munu berjast. House of Strangers.** Metnaðarfullur bankastjóri, sem hefur brotist áfram af eigin rammleik, ræður fjóra syni sína í vinnu þrátt fyrir að hann sýni þeim vantraust. En svo bregðast krosstré sem önnur tré. Aðalhlutverk: Edward G. Robinson, Richard Conte og Susan Hayward. Leikstjóri: Joseph L. Mankiewicz.
18.10 **Myndrokk.** Vel valin íslensk tónlistarmyndbönd.
18.25 **Pepsí popp.** Íslenskur tónlistarþáttur þar sem sýnd verða nýjustu myndböndin, fluttar fréttir úr tónlistarheiminum, viðtöl, getraunir, leikir og alls kyns uppákomur. Þátturinn er unninn í samvinnu við Sanitas hf., sem kostar gerð hans. Umsjón: Helgi Rúnar Óskarsson. Kynnar: Hafsteinn Hafsteinsson og Nadia K. Banine. Dagskrárgerð: Hilmar Oddsson.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.30 **Klassapíur.** Golden Girls. Framhaldsmyndaflokkur um eldhressar miðaldra konur sem búa saman á Flórída.
21.00 **Ohara.** Litli, snarpi lögregluþjónninn og gæðablóðin hans koma mönnum í hendur réttvísinnar þrátt fyrir sérstakar aðfarir. Aðalhlutverk: Pat Morita, Kevin Conroy, Jack Wallace, Catherine Keener og Richard Yniguez.
21.50 **Sá á fund sem finnur. Found Money.** Tölvusnillingurinn Max hefur gegnt starfi sínu í bankanum óaðfinnanlega í þrjátíu og fimm ár. Þegar hann er svo settur á eftirlaun, löngu áður en hans tími er kominn, finnast honum forlögin heldur grimm. Þá verður á vegi Max öryggisvörður bankans sem einnig var sagt upp vegna aldurs. Í sameiningu ákveða þeir að ná sér niðri á bankanum. Aðalhlutverk: Dick Van Dyke, Sid Caesar, Shelly Hack og William Prince.
23.30 **Múmían. The Mummy.** Myndin var gerð árið 1959 og greinir frá fornleifafræðingum í Egyptalandi um aldamótin síðustu í leit að fjögur þúsund ára gömlu grafhýsi prinsessunnar Ananka. Þeir láta allar aðvaranir sem vind um eyru þjóta og þegar einn þeirra gengur af göflunum snúa þeir aftur til Englands. Þremur árum seinna fara óhugnanlegir og að því er virðist í fyrstu óútskýranlegir atburðir að gerast. Aðalhlutverk: Peter Cushing, Christopher Lee, Yvonne Furneaux og Eddie Byrne. Leikstjóri: Terence Fisher. Ekki við hæfi barna.
1.00 **Brannigan.** Lögreglumaður frá Chicago er kallaður til London til þess að aðstoða Scotland Yard við lausn á mjög erfiðu sakamáli. Aðalhlutverk: John Wayne, Richard Attenborough, Judy Geeson og Mel Ferrer. Leikstjóri: Douglas Hickox. Alls ekki við hæfi barna.
2.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Agnes M. Sigurðardóttir flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Kóngsdóttirin fagra" eftir Bjarna Jónsson. Björg Árnadóttir les annan lestur. (Áður á dagskrá 1976) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – Lík í næsta herbergi. Viðar Víkingsson flytur pistil um hrollvekjur í kvikmyndum. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við borgarfulltrúann.** Umsjón: Jóhann Hauksson.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað á miðnætti.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Skólavarðan. Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson.
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska". Ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar, skráð af Þórbergi Þórðarsyni. Pétur Pétursson les (4).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Samantekt um bjór.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Símatími. Umsjón: Krisín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Bruch, Smetana, Bach og Gershwin. –
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Þingmál.** Umsjón: Arnar Páll Hauksson. (Einnig útvarpað næsta morgun kl. 9.45.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Kóngsdóttirn fagra" eftir Bjarna Jónsson. Björg Árnadóttir les annan lestur. (Áður á dagskrá 1976) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Blásaratónlist.** „Philip Jones Brass"-sveitin og kammersveit Sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston leika tónlist eftir Richard Strauss, Edward Grieg, Eugene Bozza, Igor Stravinsky og Francis Poulenc.
21.00 **Kvöldvaka.** a. Á Hafnarslóð Frásöguþáttur um Grím Thomsen á æskuárum eftir Sverri Kristjánsson. Gunnar Stefánsson les. b. Stefán Íslandi syngur lög eftir Árna Björnsson, Pál Ísólfsson, Karl O. Runólfsson, Sigvalda Kaldalóns, Sigfús Einarsson o.fl.; Fritz Weisshappel leikur með á píanó. c. Úr sagnasjóði Árnastofnunar. Hallfreður Örn Eiríksson flytur fyrsta þátt sinn. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 35. sálm.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Ólöf Rún Skúladóttir hefja daginn með hlustendum. Jón Örn Marinósson segir Ódáinsvallasögur kl. 7.45.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Margrét Blöndal og Gestur Einar Jónasson leika þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki. og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæheimi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Illugi Jökulsson spjallar við bændur á sjötta tímanum. –
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **FRÆÐSLUVARP:** Lærum þýsku. Þýskukennsla fyrir byrjendur á vegum Fjarkennslunefndar og Bréfaskólans. (Endurtekinn níundi þáttur frá mánudagskvöldi.)
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson.** Tónlist sem gott er að byrja daginn með, fregnir af veðri og færð. Fréttir kl. 8. Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Föstudagstónlist. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba kemur með Halldór milli kl. 11 og 12.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Föstudagsskapið allsráðandi á Bylgjunni, óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór á sínum stað.
18.00 **Fréttir.**
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Íslenski listinn.** Ólöf Marín kynnir 40 vinsælustu lög vikunnar.
22.00 **Þorsteinn Ásgeirsson á næturvakt.**
2.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson.** Fréttir kl. 8.00 yfirlit kl. 8.45
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Fréttir 10, 12, 14.
14.00 **Gísli Kristjánsson.** Fréttir 16, 18.
18.00 **Bjarni Dagur Jónsson** tekur á ýmsum málum með hlustendum.
19.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson.**
23.00 **Darri Ólason** á næturvakt.
04.00 **Dagskrárlok.**

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Jóhann Jóhannsson** í sínu sérstaka föstudagsskapi. Jóhann spilar föstudagstónlist eins og hún gerist best.
24.00 **Næturvakt Hljóðbylgjunnar.** Þær gerast ekki betri.
4.00 **Ókynnt tónlist til morguns.**



## ALFA
FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
15.00 **Í miðri viku.** Endurtekið frá miðvikudagskvöldi.
17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftímakennslu úr orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Alfa með erindi til þín,** frh.
22.00 **KÁ-lykillinn.** Blandaður tónlistarþáttur með plötu þáttarins. Orð og bæn um miðnætti. Umsjón: Ágúst Magnússon.
00.20 **Dagskrárlok.**

## Útvarp Hafnarfjörður
FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.

## Rót ÚTVARP
FM 106·8

10.00 **Rótartónlist**Guðmundur Smári.
13.00 **Tónlist.**
15.00 **Á föstudegi.** Grétar Miller leikur fjölbreytta tónlist og fjallar um íþróttir.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Samtökin '78.** E.
19.00 **Opið.**
20.00 **FES.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Uppáhaldslögin.** Tónlistarþáttur, opið til umsóknar fyrir hlustendur að fá að annast þáttinn.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
02.00 **Næturvakt til morguns.** Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS
FM 104,8

16.00 **MH.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **MS.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Sími 680288.
04.00 **Dagskrárlok.**

## Ólund
Akureyri
FM 100,4

17.00 **Um að vera um helgina.** Listir, menning, dans, bíó og fleira. Ítarleg umfjöllun með viðtölum. Umsjón Hlynur Hallsson.
18.00 **Handrið ykkur til handa.** Loðfáfnir og Sýruskelfir í góðu gengi.
19.00 **Peysan.** Snorri Halldórsson spilar tónlist af öllum toga. Gestur kvöldsins leikur lausum hala.
20.00 **Gatið. Húmanistar á mannlegu nótunum.** Félagar í Flokki mannsins sjá um þáttinn e.t.
21.00 **Fregnir.** 30 mínútna fréttaþáttur. Hvað ætlar fólk að gera um helgina? Viðtöl.
21.30 **Samræður.** Umsjón Sigurður Magnason.
23.00 **Grautarpotturinn.** Ármann Kolbeinsson og Magnús Geir Guðmundsson blúsa og rokka.
1.00 **Næturlög.** Næturvakt Ólundar.



Dick Van Dyke og Shelley Hack í hlutverkum sínum í Sá á fund sem finnur.

### Stöð 2 kl. 21.50:

# Sá á fund sem finnur

Sá á fund sem finnur (Found Money) er gamanmynd með Dick Van Dyke í aðalhlutverki. Leikur hann yfirmann í banka sem settur er út í kuldann þegar tölvufyrirtæki yfirtekur bankann. Hann er ekki sáttur við hlutskipti sitt og fær til liðs við sig öryggisvörðinn Sam Green (Sid Caesar) sem hafði verið rekinn rétt áður en hann komst á eftirlaun.

Þeir félagar gera með sér samkomulag að klekkja á fyrirtækinu sem þeim þykir kalt í viðskiptum sínum við starfsfólkið. Áætlun þeirra er djörf og áhættusöm og þótt allt gangi ekki samkvæmt fyrirfram hannaðri áætlun tekst þeim ætlunarverk sitt.

Sá á fund sem finnur er sjónvarpskvikmynd, gerð 1983 og er leikstjóri Bill Persky. Kvikmyndahandbókin segir myndina yfir meðallagi og þegar leikarar á borð Dick Van Dyke og Sid Caesar, sem eru sjóaðir í gamanmyndum, eru í aðalhlutverkum ætti að vera von á góðu.

### Rás 2 kl. 20.30:

# Vinsældalistinn

Vinsældalisti Rásar 2 er elsti vinsældalisti þessa lands og varð nýlega fimm ára gamall. Umsjónarmenn hafa verið nokkrir og nýlega hefur einn nýr bæst við, Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir. Tók hún við af Stefáni Hilmarssyni. Leikur hún tíu vinsælustu lögin að mati hlustenda og strax þar á eftir stjórnar Áslaug þættinum Snúningi þar sem hún ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.



Hér hefur múmían fundið eitt fórnarlamb.

### Stöð 2 kl. 23.30:

# Múmían

Snemma á sjöunda áratugnum var kvikmyndafyrirtæki í Englandi, Hammer Films, sem sérhæfði sig í ódýrum hryllingsmyndum og nutu þær þó nokkurra vinsælda. Voru þar á meðal myndir um Frankenstein og Dracula. Myndir þessar, sem voru flestar á breiðtjaldi, virkuðu oft eins og meira væri lagt í þær en í raun var gert.

Leikarahópurinn var oftast sá sami og urðu nokkrir leikara þekktir af að leika í Hammermyndum. Þeirra þekktastir urðu Peter Cushing og Christopher Lee, sem báðir leika í Hammermyndinni sem Stöð 2 sýnir í kvöld, Múmíunni.

Fjallar myndin um fund þriggja vísindamnanna á grafhýsi prinsessu. Þrátt fyrir aðvaranir grafa þeir upp grafhýsið og finna fjársjóð og gröf. Allt í einu verður einn vísindamaðurinn brjálaður og þurfa þeir að hörfa frá opinni gröfinni. Þremur árum seinna verður vart við morðingja sem er risi að vexti og er, þegar betur er að gáð, ekki mannleg vera ...

Múmían er ekki merkileg kvikmynd en unnendur hryllingsmynda geta átt góðar næturstundir yfir henni.

-HK